



Þórshöfn 12.02.2026

Til byggðaráðs.

Sveitarstjóri gerir að tillögu sinni að Almar Marinósson umhverfisfulltrúi Langesbyggðar verði fastráðinn sem starfsmaður sveitarfélagsins eftir að tímabundinn ráðningatími rennur út þann 1. mars næstkomandi.

Sveitarstjóra og skrifstofustjóra falið að gera starfslýsingu sem felur í sér umsjón með umhverfismálum og hreinlætismálum þ.m.t. að koma sorpmóttökustöð á Þórshöfn í gagnið ásamt móttökustöðvum á Bakkafirði og í dreifbýli. Leggja til hvaða ferlum verður fylgt við sorphirðu, flokkun, förgun og flutning. Ljúka við gerð tillagna að gjaldskrá og gjaldflokum og skipulagi sorpmála með það markmið að ná sem bestu jafnvægi í tekjum og gjöldum málaflokkanna eins og lög og reglugerðir gera ráð fyrir.

Nánar verði kveðið á í starfslýsingu um verkaskiptingu og/eða sameiginleg verkefni þjónustumiðstöðvar í tengslum við umhverfis- og hreinlætismál. Sveitarstjóri, skrifstofustjóri, umhverfisfulltrúi og forstöðumaður þjónustumiðstöðvar skili inn tillögum að skipulagi þessara mála til byggðaráðs.

**Björn S. Lárusson
Sveitarstjóri**